



Verkefni sveitarstjóra

Tímabil: ágúst 2022

Helstu verkefni:

Verkefni í undirbúningi:

- Undirbúningur heimsóknar á Nauteyri í haust, með sveitarstjórn. Mikilvægt að kynnast starfsemi Háafells þar
- Undirbúningur að heimsókn í Skjaldfannardal vegna Austurgilsvirkjunar
- Undirbúningur að vinnu við starfsáætlun sveitarstjórnar – hugmyndavinna
- Undirbúningur að endurbættu verkbókhaldi með forstöðumönnum – hugmyndavinna.

Verkefni í vinnslu:

- Réttarsmíði í Staðardal í landi hrófbergs. Samskipti við landeiganda og byggingaraðila, skoðunarferðir
- Réttar smíði í Bitrufirði við Krossá. Samskipti við landeiganda og byggingaraðila, innkaup á efni, skoðunarferðir
- Samskipti við aðila sem hafa lagt inn umsókn um vilyrði fyrir lóð undir hótelfstarfsemi. Fundur í Reykjavík 11.8
- Gerð samfélagssáttmála um styrkveitingar. Endurskoðun texta eftir athugasemdir A lista
- Undirbúningur að markaðssetningu á Strandabyggð/Steingrímsfirði/Hólmavík sem áfangastað fyrir lítill og meðalstjór skemmtiferðaskip. Gagnaöflun hafin vegna kynningar á Strandabyggð. Þarf að vinna með Vestfjarðastofu og tengja við verkefnið; Innviða- og þekkingargreining í Strandabyggð
- Hugsanlegt landeldi í Steingrímsfirði. Nætu skref, fundur sveitarstjórnar með Orkubúi Vestfjarða, beðið eftir svari OV
- Hagræðingarmöguleikar skoðaðir
 - Úthýsing skólaaksturs
 - Endurskoðun á bílaflota sveitarfélagsins. Viðhaldskostnaður er mikill vegna aldurs og ástands bíla, t.d. á vegum Sorpsamlagsins.

Verkefnum lokið:

- Fundur með lögfræðingi Strandabyggðar vegna erindis fyrrverandi sveitarstjórnar, 11.8

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

- Fundur með Ríkisstjórn Íslands á vegum Vestfjarðastofu á Ísafirði, undirbúningur, fjarfundur (fundurinn sjálfur var síðan 1. september og verður gerð grein fyrir honum í septemberskýrslu)
- Símafundur með forstöðumönnum Bláma
- Fundir og samráð vegna stöðu BS Vest
- Stjórnarfundur BS Vest 19.8 - fjarfundur
- Gerð fjallskilaseðils 2022
- Verkefnafundur með forstöðumanni áhaldahúss/Sorpsamlags - fastafundir
 - Farið yfir verkefni, stöðu og framkvæmd
- Verkefnafundur með forstöðumanni áhaldahúss og íþróttá- og tómstundafulltrúa vegna sameiginlegra verkefna, viðhalds og viðgerða í sundlaug ofl.
- Verkefnafundur með skólastjóra
- Fundur með eigendum Riis vegna skólamáltíða
- Fundur með forstöðumanni Vegagerðarinnar á Hólmavík 19.8
- Skrifuð og afhent greinargerð vegna kvörtunar A-lista til Innviðaráðuneytis vegna ráðningar sveitarstjóra
 - Samskipti við Björn Jóhansson, lögfræðing sveitarfélagsins vegna málsins
- Samskipti við Orkubú Vestfjarða vegna ýmissa mála, t.d. ástands vega upp að virkjun og inn við Þiðriksvallavatn, auk stofnunar veiðifélags (samskipti við lögfræðing á vegum OV)
- Aðalfundur Sorpsamlags Strandasýslu 19.8 – tek sæti í stjórn
- Þátttaka í íbúafundi Sterkra Stranda, 24.8
- Fundur með forstöðumanni áhaldahúss og skipulagsfulltrúa. Skoðunarferð á Hólmavík 30.8
- Fundur í undirbúningshópi um endurskoðun aðalskipulags. 30.8.

Önnur verkefni samkvæmt bókunum sveitarstjórnar frá fundi 1335, sem ekki er getið hér að framan:

- Samskipti vegna skipanna í nefndir
- Galdur brugghús: Beðið eftir upplýsingum
- Skipulagsstofnun: Bókun sveitarstjórnar komið á framfæri
- Minjastofnun; stefnuskjal um verndun og rannsóknir á fornleifum: bókun sveitarstjórnar komið á framfæri
- Samþykkt sveitarstjórnar um stöðu sauðfjárræktar komið á framfæri við matvælaráðherra og óskað eftir fundi. Fundur er í boði með sérfræðingum ráðuneytisins
- Náttúrustofa Vestfjarða, vegna útreiknings: bókun sveitarstjórnar komið til stjórnarformanns
- Tillögur að aðalskipulagi Reykhólahrepps, Dalabyggðar og Kaldrananeshrepps; bókanir sendar á hlutaðeigandi.

Að auki eru fjölmörg símtöl og skrifleg samskipti við einstaklinga og fyrirtæki. Áberandi margir íbúar höfðu samband eða komu á skrifstofu sveitarstjóra til viðræðna og fagnar sveitarstjóri því. Það er mikilvægt að íbúar láti í sér heyra eða komi á skrifstofu sveitarfélagsins með sín erindi.

Hólmavík 12.9.22

Porgeir Pálsson
sveitarstjóri

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS